



Nefndasvið Alþingis

b/t Umhverfis- og samgöngunefndar

Dalvík, 8. október 2019

Efni: Umsögn frá Dalvíkurbyggð vegna frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), 26. mál.

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar fagnar fram lögðu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), 26. mál.

Mjög brýnt er að frumvarpið nái fram að ganga enda mörg sveitarfélög sem standa frammi fyrir kostnaðarsömum fráveituframkvæmdum ef þau eiga að geta uppfyllt lagaskyldur málaflokksins. Fráveitumál eru bæði heilbrigðis- og umhverfismál og mikið atriði að sveitarfélög komi þeim í viðunandi horf. Stuðningur með endurgreiðslu virðisaukaskatts frá Ríki vegna fráveituframkvæmda gerir sveitarfélögum frekar kleift að ráðast í þær úrbætur sem þarf og koma þessum málaflokki í góða stöðu.

Virðingarfyllt


Katrín Sigurjónsdóttir,
sveitarstjóri
Sveitarstjóri